

Nd.

644. Breytingartillögur

[186. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 59 19. júlí 1960, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá Birni Pálssyni.

1. a-liður 3. gr. orðist svo:

Að ákveða mismunandi verð til framleiðenda eftir árstímum, þar sem verulegur hluti mjólkurframleiðslunnar er seldur sem neyzlumjólk. Verðmunurinn skal ákveðinn í samráði við stjórnir viðkomandi mjólkurbúa. Framleiðsluráði er einnig heimilt að ákveða og innheimta verðjöfnunargjald af innveginni mjólk.

2. 5. gr. orðist svo:

Við 4. gr. bætist svo hljóðandi málsgreinar:

Í verðlagsgrundvelli skal, sbr. ákvæði 6. gr., tilfæra ársvinnutíma bóndans, skylduliðs hans og hjúa á búi af þeirri stærð, sem miðað er við hverju sinni, og miða vinnutíma og kauphæð til samræmis við meðallaun og meðalvinnutíma starfsmanna ríkis og bæja, verzlunarfólks, verkamanna og iðnaðarmanna, sem ekki vinna ákvæðisvinnu, eins og það er við upphaf hvers verðlagstímabils. Taka ber sanngjarnt tillit til næturvinnu og helgidagavinnu. Til að finna vinnuafliþörf viðmiðunarþús skal nota þær upplýsingar, sem fyrir hendi eru hér á landi hverju sinni, og ef þörf gerist, sé hliðsjón höfð af þeim niðurstöðum, sem nágrannaþjóðir okkar í Noregi og Danmörku hafa um hliðstæð atriði.

Daglegur meðalvinnutími opinberra starfsmanna skal metinn jafnt og dagvinna verkamanna. Til kaupgjalds teljast hvers konar samningsbundin friðindi.